

Uppbygging kerfis


Uppsett fyrir 2000



Lagnir og tæki í hitakerfum húsa eru ýmist í eigu Hitaveitu Reykjavíkur eða húseiganda. Á skýringarmynd hér til hliðar er teikning af dæmigerðu húskerfi og tengingu. Tæki og lagnir í eigu Hitaveitu Reykjavíkur eru merkt með rauðu í tækjalistanum. Lagnir og tæki í hitakerfi húss eru eign húseiganda og eru þau merkt hér með bláu. Húseigandi sér um þau sjálfur.


Tenging kerfisins við hitaveitu er í eigu veitunnar. Húseigandi er skylt að hafa sjálfvirk stjórtæki **10** **23** og öryggisloka **11** á hitakerfinu. Starfsmenn hitaveitunnar stilla og innsigla hemla, **4** og er öðrum óheimilt að rjúfa innsiglin. Þar sem dreifikerfi hitaveitunnar er tvöfalt á húseigandi að skila bakrennsli aftur inn í dreifikerfið. Þetta þýðir að Hitaveitan tekur aftur við

því vatni sem húseigandi hefur notað til upphitunar, en vatnið hefur þá kólnað verulega.




Einfalt kerfi, þar sem bakrennsli rennur beint í frárennsli.

Tvöfalt kerfi



- 1** Heimæð.
- 2** Inntaksloki á framrennsli.
- 3** Sífa.
- 4** Hemill.
- 5** Rennismælir.
- 6** Greining fyrir neysluvatn.
- 7** Lokar.
- 8** Einstreymislokar.
- 9** Þrýstimælir.
- 10** Þrýstijafnari.
- 11** Öryggislokar.
- 12** Framrennsli að ofnum.
- 13** Framrennsli-loki (við ofn).
- 14** Ofn.
- 15** Bakrennsli-loki (við ofn).
- 16** Bakrennsli.
- 17** Hitamælir.
- 18** Tæmiloki.
- 19** Snjóbræðslugrein.
- 20** Loki á bakrennsli ...
- 21** ... í tvöföldu kerfi.
- 22** ... í einföldu kerfi.
- 23** Mótstöðuloki.

Ný tengigrind Uppsett eftir 2000



Tækjabúnaður

- | | |
|-----------------|---|
| ① Inntakslöki | Höfuðloki hitaveitu. Notist við viðgerðir og ef leki kemur upp í lagnakerfum. |
| ② Sía | Síar óhreinindi úr vatninu. Orkuveita Reykjavíkur sér um að hreinsa síur með reglubundnu millibili. |
| ③ Rennslismælir | Mælir vatnsmagn sem rennur inn á lagnakerfi. Mælirinn er í umsjá og eigu Orkuveitu Reykjavíkur. |
| ④ Mælistútur | Mælistútur sem ætlaður er til þrýstimælinga. Orkuveitan leggur ekki til þrýstimæli en húseigendum er frjálst að setja hann upp. |
| ⑤ Loki | Lokinn skilur á milli lagnakerfa og hitaveitu. Lokinn er fyrst og fremst nýttur við viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði. |

Rekstrartruflanir

Ef skortur er á heitu vatni annaðhvort til hitakerfa eða neysluvatnskerfa segir þrýstimælir á mælistút (4) til um hvar leita beri að bilunum. Skrúfa skal fyrir loka (5).

Standi þrýstingur í stað er bilunin í lagnakerfum húseiganda og skal hafa samband við fagmenn til lagfæringa.

Hækki þrýstingur hins vegar um meira en hálf bar þá er bilunin að öllum líkindum í tengigrindinni. Í þeim tilfellum skal hafa samband við Orkuveitu Reykjavíkur.

Heilræði

Lesið af rennslismælinum með reglubundnu millibili og gangið úr skugga um að notkun sé innan eðlilegra marka. Notfærið ykkur álestrabók sem fæst hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að inntakslökum og tengigrind í öllum tilfellum, slysín gera ekki boð á undan sér.

Fylgist með bakrennslishitanum. Bakrennslishitinn ætti að vera á bilinu 20 til 40°C, hæstur þegar kalt er í veðri.